

um frv. til 1. um Seðlabanka Íslands.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefur haft frumv. þetta til athugunar. Nefndin varð ekki sam-mála um afgreiðslu þess. Þrír nefndarmanna, fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Alþýðuflokksins, vilja samþ. frumvarpið með litlum breytingum. Fulltrúi Fram-sóknarflokksins í nefndinni vill fella frumvarpið, en ég er samþykkur meginefni frumvarpsins, en ósamþykkur nokkrum ákvæðum þess.

Ég hef því kosið að gera grein fyrir afstöðu minni og okkar Alþýðubandalags-manna til frumvarpsins í sérstöku nefndarálit.

Það er skoðun Alþýðubandalagsins, að meginefni frumvarpsins, sem miðar að því að gera Seðlabankann fullkomlega sjálfstæðan banka án skipulagstengsla við Landsbankann, eins og nú er, sé rétt. Reynslan hefur sýnt, að það er jafn-nauðsynlegt fyrir okkur Íslendinga og aðrar þjóðir að hafa sérstaka seðlabanka-stofnun, sem fari með æðstu stjórn peningamála, án þess að slíkri starfsemi sé blandað saman við almenn viðskiptabankastörf.

Í frumvarpinu um Seðlabanka Íslands eru ýmis ákvæði, sem ég er ósamþykkur eða teldi að betur færi að hafa á annan veg. Skal nú vikið að nokkrum þeirra:

1. Stofnlánadeild sjávarútvegsins.

Í 5. gr. frv. er lagt til, að stofnlánadeild sjávarútvegsins, sem stofnuð var sem sérstök deild í Landsbankanum, verði áfram sem deild innan Seðlabankans. Ég er þeirrar skoðunar, að eðlilegra væri, að deild þessi yrði formlega sameinuð Fiskveiðasjóði Íslands, sem er, eins og kunnugt er, aðalstofnlánasjóður sjávar-útvegsins.

Sé ætlunin, að stofnlánadeild þessi starfi áfram að öðru leyti en því að innheimta gömul lán, þá er augljóst mál, að rekstur deildarinnar er á allt öðrum grundvelli en venjuleg seðlabankastörf. Ég teldi því rétt að fella 5. gr. frumv. niður.

2. Innlánsdeildir samvinnufélaga og binding innistæðufjár í Seðlabankanum.

Ég er andvígur þeim ákvæðum frumvarpsins, sem heimila Seðlabankanum að krefjast þess, að innlánsdeildir samvinnufélaga og smærri sparisjóðir skuli binda nokkurn hluta af innistæðufé sínu í Seðlabankanum. Ég tel þó eðlilegt, að Seðlabankinn hafi slíkt vald yfir öðrum bönkum og stærstu sparisjóðunum.

Ráðstafanir eins og þær, sem nú hafa verið ákveðnar af Seðlabankanum, að skylda alla sparisjóði landsins og allar innlánsdeildir samvinnufélaga til þess að eiga nokkurn hluta af innistæðufé sínu á reikningi í Seðlabankanum og algerlega án tillits til rekstraraðstöðu viðkomandi sparisjóðs eða innláns-deildar, álit ég ranglátar og hættulegar. Ég tel óeðlilegt, að beitt sé hinum hörðustu ákvæðum til þess að knýja fé úr litlum innlánsdeildum og spari-sjóðum úti á landi til geymslu á reikningum í Seðlabankanum í Reykjavík.

3. Stjórn bankans.

Gert er ráð fyrir í frumvarpinu, að bankastjórar Seðlabankans verði 3, eða fjölgað um 1 frá því, sem nú er. Ég tel ekki þörf á þessari fjölgun banka-stjóra og allra sízt þar sem ráðgert er í bankamálafrumvörpum ríkisstjórnar-innar að halda áfram rekstri Framkvæmdabankans sem sérstaks banka, en sá banki starfar að verulegu leyti að venjulegum seðlabankastörfum. Ég hefði talið réttara að sameina Framkvæmdabankann Seðlabankanum, og hefði þá miklu fremur komið til mála að fjölga bankastjórum Seðlabankans, eins og nú er lagt til.

Í samræmi við þær skoðanir, sem hér koma fram, mun ég flytja breytingar-tillögur við frumvarpið eða styðja slíkar tillögur, ef fram koma.

Alþingi, 23. febr. 1961.

Lúðvík Jósefsson.